

**61** sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Vatns-  
26. marz leysustrandarhrepps, nr. 51 19. marz 1952.

*Atvinnumálaráðuneytið, 26. marz 1956.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Dorv. K. Þorsteinsson.*

**62**

27. marz

## AUGLÝSING

**um leiðréttingar og viðauka við reglur um lyfjagreiðslur sjúkrasamlaga.**

Samkvæmt 3. tölulið 21. gr. laga nr. 51/1951, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar og viðauka við þau, hafa verið gefnar út leiðréttingar og viðauki (V.) við reglur, sem um getur í auglýsingu nr. 41 31. marz 1951, um lyfjagreiðslur sjúkrasamlaga, sbr. auglýsingu nr. 153 8. ágúst 1951, auglýsingu nr. 234 30. desember 1952, auglýsingu nr. 16 12. febrúar 1954 og auglýsingu nr. 12 22. janúar 1955, til þess að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytið, 27. marz 1956.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

**63**

5. apríl

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 181 3. okt. 1953, um hina almennu deild  
hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins.**

1. gr.

Töluliðir 8, 26 og 34 í b-lið reglugerðarinnar orðist svo:

- 8. svæði: Reykjavík
  - 1. janúar—15. maí
  - 1. september—31. desember
- 26. svæði: Dalvík, Hrísey, Árskógsströnd, Grenivík
  - 1. apríl—15. desember
- 34. svæði: Fáskrúðsfjörður
  - 1. febrúar—31. maí
  - 1. júní—30. nóvember

2. gr.

Töluliðirnir 8 og 10 í c-lið 3. gr. orðist svo:

- 8. svæði: Reykjavík
  - 15. febrúar—11. maí
  - 1. september—31. desember
- 10. svæði: Hornafjörður
  - 1. marz—11. maí